

Mánudaginn hinn 27. júlímánaðar.

Nr. 10/1908: Sigtryggur Jóhannesson kaupmaður,
 Anton Jónsson trésmiður,
 Gránufélagið á Akureyri og
 Christen Havsteen kaupstjóri.
 gegn
 Páli Markússyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, er áfrýjendurnir höfðuðu í héraði fyrir aukarétti Akureyrar gegn stefnda út af broti gegn einkaréttarleyfi, gekk dómur í nefndum rétti hinn 18. júní f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var sýkn dæmdur af kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. febr. þ. á., og hafa þeir fengið leyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki í yfirdómnum og krafist þess, að stefnda verði bannað að nota steinsteypuvél þá, er þeir telja að komi bága við einkaleyfi þeirra, á því svæði, er þeir (áfrýjendur) hafa einkarétt á til slíkra véla, svo og að ráðstafa hinum steypusteinum eða afhenda þá, að vél stefnda verði gerð upp-tæk, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum í skaðabætur 15 kr. fyrir hvert þúsund steina selt og óselt, sem hann hafi steypst í vélinni, eða þá skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, að stefndi verði sektaður fyrir brot á einkarétti og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirréttarins. Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, fyrst og fremst að dómurinn í málinu

verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá aukaréttinum, en áfryjendur sektaðir fyrir þrætugirni og dæmdir í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, en til vara að aukaréttardómurinn verði staðfestur og áfryjendur dæmdir í málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að umboðið til málshöfðunarinnar, er lagt var fram í undirrétti, var eigi meðundirskrifað af einum áfryjandanum, Chr. Havsteen, sem var þá í Kaupmannahöfn, og telur stefndi sáttaumleitun í málinu ólöglega bæði fyrir þessa sök og af því að áfryjendur hafi eigi sjálfir komið á sáttafund og verið þó óforfallaðir, heldur jafnvel sent þangað fyrir sig mann, sem hafi málsfærslustörf að atvinnu og eigi því að sæta sömu lögum og málflutningsmenn, að mega ekki mæta fyrir aðra á sáttafundum. Fyrir undirréttinum komu þó eigi nein mótmæli fram gegn því, að málið væri höfðað með fullri heimild af hálfu allra áfryjendanna, og er þá ofseint að koma með slík mótmæli fyrir yfirdómi, enda hefir sá af áfryjendunum, er eigi hafði skrifað undir málshöfðunarbóðið, síðar lýst því yfi, að það hefði verið með vitund sinni og vilja, að mál þetta var höfðað. Það verður og heldur eigi fallist á þá skoðun stefnda, að sáttaumleitunin verði að teljast ólögmat fyrir það, þótt áfryjendur hafi eigi sannað forföll sín frá að mæta sjálfir við hana, enda hefir slíkra sannana eigi verið krafist af stefnda fyrir aukaréttinum, né fyrir það, þótt maður sá, er mætti á sáttafundinum, hafi fengist nokkuð við málsfærslu fyrir menn, þar sem hann þó hefir það eigi að aðalatvinnu. Ómerkingarkrafa stefnda verður þannig eigi tekin til greina.

Viðvíkjandi efni málsins, þá eru málsástæður þær, að 17. maí 1904 var verksmiðjueiganda Jörgen Peter Jørgensen í Wedd í Holtsetølandi veittur með konunglegu leyfisbréfi einkaréttur á Íslandi öllu »til að gera og láta gera mótkassa þann fyrir byggingarsteina,« sem nánara er lýst í skjölum þeim og uppdráttum, er leyfisbréfinu fylgja, en með samningi 11. jan. 1905 framseldi Jørgensen einkaréttarleyfi þetta steinsteypufélaginu »Steinar« í Reykjavík, ng þetta félag seldi síðan aftur með samningi dagsettum 30. nóv. 1906 og 25. jan. 1907 áfrýjendum máls þessa rétt sinn eftir einkaréttarleyfinu að því er snerti Eyjafjörð og sveitir þær, er að honum liggja. Með því að stefndi, Páll steinsmiður Markússon, flutti frá Norvegi til Akureyrar sumarið 1906 steinsteypuvél, er hann keypti þar og áfrýjendur telja samkyns vél og þær, er einkaréttarleyfið hljóðar um, og tók að steypa steina í vél þessari, álitu áfrýjendur rétt sinn brotinn með því og höfðuðu mál þettu gegn stefnda.

Þó að það nú megi virðast nægilega sannað í málinu, að vél sú, er stefndi hefir útvegað sér frá Norvegi og hefir notað til að steypa steina í, muni vera samskonar vél í öllu verulegu og vél sú, sem lýst er í einkaleyfi Jørgensens og áfrýjendur hafa því öðlast einkarétt að í Eyjafirði og nærliggjandi sveitum, þar sem stefndi notar sína vél, þá er þó þess að gæta, að einkaleyfisbréf Jørgensens, sem bæði »Steinar« og áfrýjendur byggja rétt sinn á, veitir að eins einkarétt til að »gera og láta gera« á Íslandi mótkassa eða steinsteypuvélar af hinni tilteknu gerð, og með því að það virðist heimildarlaust að leggja þann skilning í orð þessi, að með þeim sé öðrum bannað að flytja slíkar vélar inn í landið og

nota þær þar, þá verður eigi álitíð að stefndi hafi brotið einkaleyfi áfrýjendanna með innflutningi vélar sinnar eða mótkassa og notkun, og ber því að sýkna hann og staðfesta hinn áfrýjaða dóm í aðalefni hans. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjendur greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Sigtryggur Jóhannesson, Anton Jónsson, Gránufélagið á Akureyri og Christen Havsten greiði stefnda Páli Markússyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1908:

J. Gautesen sjálfs sín vegna
og f. h. I. An. Christensen o. fl.
í Haugesund
gegn
Birni Guðmundssyni f. h.
Fredriksen & Co. í Mandal.

Dómur:

Í norðanstórviðri hinn 19. febr. 1907 að kvöldi tók gufuskipið »Mod« frá Haugesund, sem lá á Reykjavík-